



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Borgarráð

Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um skýrslu um Laugarnesskóla

Á fundi borgarráðs þann 19. október 2023 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um skýrslu starfshópsins um greiningu á stöðu Laugarnesskóla. Starfshópurinn átti að skila af sér í maí en því var frestað og svo hefur ekkert frétt frekar. Hver er staðan á þessari skýrslu? Af hverju hefur henni seinkað? Hvenær verður hún opinber? Fulltrúi Flokks fólksins óskar upplýsinga um hvernig Reykjavíkurborg hyggst bregðast við niðurstöðum

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar þann 23. október sl.

Svar:

Starfshópurinn átti að skila tillögum fyrir 1. júní s.l. Verkefnið reyndist mun umfangsmeira en áætlað var og starfshópurinn fékk því frest til þess að skila af sér. Starfshópurinn skilaði drögum að skýrslu til ábyrgðarmanns 26. nóvember sl. og verður hún lögð fyrir borgarráð þegar frekari forsendur sem samþykktar voru í borgarráði verði mætt.

Þorsteinn Gunnarsson
borgarritari